

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 697/2004  
um takmörkun tiltekinna efna í raftækjum.

1. gr.

Viðauki II orðist svo:

### VIÐAUKI II

**Notkun á blýi, kvikasilfri, kadmíum, sexgildu krómi, fjölbrómbífenýla (PBB)  
eða fjölbrómdífenýletera (PBDE) sem undanþegið er banni samkvæmt  
1. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar.**

1. Kvikasilfur í samþjöppuðum flúrlömpum í magni jafnt eða lægra en 5 mg á hverja flúrperu.
2. Kvikasilfur í aflöngum flúrlömpum til almennra nota með magni jafnt eða lægra en eftirtalið í hverjum lampu:

- halógenfosföt	10 mg
- trífosföt með eðlilegan líftíma	8 mg
- trífosföt með langan líftíma	5 mg
3. Kvikasilfur í aflöngum flúrlömpum til sértækra nota.
4. Kvikasilfur í öðrum lömpum sem ekki eru sérstaklega tilgreindir í þessum viðauka.
5. Blý í gleri katóðumyndlampu, rafrásarhlutum og flúrlamparörum.
6. Blý sem málmblendi í:
  - stál, 0,35% þyngdarhlutfall af blýi,
  - ál, 0,4% þyngdarhlutfall af blýi,
  - kopar, 4% þyngdarhlutfall af blýi.
7. Blý í:
  - lóðmálmi með hátt bræðslumark (t.d. blýblendi sem er yfir 85% blý miðað við þyngd),
  - lóðmálmi fyrir netþjóna og gagnageymslusvæði netþjóna,
  - lóðmálmi fyrir grunnnetkerfi fyrir rofa, merkjakerfi, sendingar sem og netstjórnun fjar-skipta,
  - keramik í rafeindahlutum, t.d. þrýstirafeindahlutum (piezo).
8. Kadmíum og efnasambönd þess í rafsnertum og kadmíumhúð, að undanskilinni notkun sem er bönnuð samkvæmt reglugerð um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni („REACH“).
9. Sexgilt króm sem tæringarvörn í stálkælikerfum ísogskæla.
10. a) Dekabrómdífenýleter (DecaBDE) í fjölliðuðu efni.  
b) Blý í legubökkum og -fóðringum úr blýbrónsi.
11. Blý sem er notað í tengikerfi með sveigjanlegum pinnum.
12. Blý sem er notað sem húðunarefni fyrir opna (c-laga) hringa í varmaleiðandi einingum.
13. Blý og kadmíum í ljóstæknigleri og glersíum.
14. Blý í lóðningarefni, gerðu úr fleiri en tveimur frumefnum, sem er notað til tengingar pinna við örgjörvastaflann og hlutfall blýsins er yfir 80% og undir 85% miðað við þyngd.
15. Blý í lóðningarefni til að koma á stöðugri raftengingu milli hálfleiðaraflögu og burðarefnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum („flip-chip“).
16. Blý í silíkáthúðuðum, aflöngum glóperum.
17. Blýhalíð sem er notað sem geislunarefni í hástyrksúrhleðslulampa (HID) sem fagmenn í eftirtökuljósmyndun nota.
18. Blý sem er efnahvati í flúrljómandi dufti (hámark blýs: 1% miðað við þyngd) í úrhleðslulömpum sem eru notaðir sem sólarlampar og innihalda fosfór, svo sem BSP (BaSi<sub>2</sub>O<sub>5</sub>:Pb), eða notaðir sem sérhæfðir lampar og innihalda fosfór, svo sem SMS ((Sr,Ba)<sub>2</sub>MgSi<sub>2</sub>O<sub>7</sub>:Pb), og eru notaðir við eftirtökuljósmyndun (díasóprentun), við steinþrykk, í skordýragildrum og í ljós-efnafræðilegum ferlum og þurrkunarferlum.

19. Blý með PbBiSn-Hg og PbInSn-Hg í sérstökum samsetningum sem meginamalgam og með PbSn-Hg sem hjálparamalgam í mjög fyrirferðarlitlum, orkusparandi lömpum (ESL).
20. Blýoxíð í gleri sem er notað til að festa saman glerskífurnar sem mynda fram- og bakhlið í flötum flúrlömpum sem eru notaðir í vökvakristalsskjái (LCD).
21. Blý og kadmíum í prentlitum sem notaðir eru í smeltlökk á bórsílikatgler.
22. Blý sem óhreinindi í Faraday-snúð af RIG-gerð (Rare-earth Iron Garnet) sem notaður er í fjarskiptakerfi með ljósleiðurum. Undanþágan gildi til 31. desember 2009.
23. Blý í húðum finskrefa íhluta, annarra en tengja, með skrefstærð 0,65 mm eða minna með NiFe-leiðistofni og blý í húðun finskrefa íhluta, annarra en tengja, með skrefstærð 0,65 mm eða minna með koparleiðnistofni.
24. Blý í lóðningarefni til lóðunar á skífulaga og flötum, marglaga keramikþéttum með málmhúðuðum götum.
25. Blýoxíð í plasmaskjám (PDP) og SED-skjám (Surface conducting Electron emitter Displays), einkum í torleiðnilagi framglers og bakglers, samtengiskautinu, svarta borðanum, stefnuskautinu, skilgárunum, þéttiglerinu og glerhringum, svo og í prentfarfa.
26. Blýoxíð í glerhylki BLB-ljósgefjafa (Black Light Blue).
27. Blýmelmi til lóðunar fyrir breyta sem notaðir eru í kraftmiklum hátölurum (sem hannaðir eru til notkunar í margar klukkustundir við hljóðþrýsting 125 dB og þar yfir).
28. Sexgilt króm í tæringarvarnarhúð á málmþynnum og festingum sem notað er til varnar tæringu og sem hlífðarbúnaður gegn rafsegultruflunun í búnaði sem fellur undir þriðja flokk í reglugerð um raf- og rafeindatækjaúrgang (Upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaður). Undanþágan gildi til 1. júlí 2007.
29. Blý bundið í kristalgleri samkvæmt skilgreiningu í I. viðauka (1., 2., 3. og 4. flokki) við tilskipun ráðsins 69/493/EBE.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum og 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á ákvörðunum 2006/690/EB, 2006/691/EB, 2006/692/EB og 2009/428/EB sem vísað er til í tl. 12q, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahags-svæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2008, þann 2. febrúar 2008.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 31. maí 2011.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Auður Arnardóttir.*